

Gistiskýrslur 2006

Tourist Accommodation 2006

Samantekt

Heildarfjöldi gistinátta var 2,5 milljónir árið 2006 sem er 10% aukning frá fyrra ári. Gistinóttum fjölgaði frá árinu 2005 á öllum tegundum gististaða. Fjölgunin nam 10,1% á hótélum og gistiheimilum, 11,8% á svefnpokagististöðum, 11,4% á farfuglaheimilum, 10,3% á tjaldsvæðum, 10,1% í orlofshúsabyggðum, 6,6% í skálum í óbyggðum og 4,9% á heimagististöðum.

Gistinóttum fjölgaði í öllum landshlutum. Aukningin var hlutfallslega mest á Suðurnesjum og nam 26,8%. Á Norðurlandi eystra fjölgaði gistinóttum um 13,9%, á höfuðborgarsvæðinu um 12,3%, á Austurlandi um 12% og á Norðurlandi vestra um 11,2%. Fjölgun gistinátta á Vesturlandi nam 7,4% og á Vestfjörðum 5,4%. Gistinætur á Suðurlandi nánast stóðu í stað því þar fjölgaði gistinóttum um 0,9%.

Inngangur

Gistiskýrslur 2006 er fjórtánda rit Hagstofu Íslands um niðurstöður talningar á gistinóttum og gestakomum á gististöðum í landinu. Hagstofan hóf reglubundna söfnun upplýsinga um framboð á gistirými og fjölda gistinátta í júní 1984. Öflun gagna tekur til allrar seldrar gistiþjónustu, að orlofshúsum félagasamtaka undanskildum. Árið 1995 var byrjað að afla upplýsinga um gestafjölda auk gistinátta í því skyni að kanna meðallengd dvalar á gististað.

Niðurstöður

Hér á eftir fara helstu niðurstöður gistináttatalningar Hagstofu Íslands, settar fram í yfirlitstöflum og myndritum fyrir hvern flokk gististaða. Upplýsingar um gistirými, gistinætur, gestakomur, meðaldvalarlengd og nýtingu eru birtar eftir tímabilum, landsvæðum og þjóðernum gesta. Landinu er skipt í átta svæði: höfuðborgarsvæði, Suðurnes, Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland. Í sumum tilfellum hefur þurft að slá saman tölum fyrir fleiri en eitt svæði, en það er þegar gististaðir eru of fáir á hvoru svæði um sig til að unnt sé að birta tölur.

Megin efni þessa rits er gistináttatalningin en auk þess er í töflu 20 birt yfirlit yfir gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum og útgjöld Íslendinga erlendis 1995–2006. Töflurnar ná sumar hverjar aftur til ársins 2002 en ítarlegra talnaefni er hægt að nálgast á heimasíðu Hagstofunnar <http://www.hagstofa.is>.



Heildarfjöldi gistinátta

Gistinóttum fjölgað um 10%

Heildarfjöldi gistinátta var 2.457.068 árið 2006 sem er 10% aukning frá árinu á undan, en þá voru þær 2.232.911. Gistinætur Íslendinga voru 737.928 (8,1% aukning) og útlendinga 1.719.140 (10,9% aukning), en gistinætur útlendinga voru 70% af heildarfjölda gistinátta árið 2006. Fjölgun gistinátta nær til allra þjóðerna annarra en Svía, Japana, Belga, Austurríkismanna, Finna og Bandaríkjamanna. Mests aukningin varð á gistinóttum Spánverja, 31,3%, Kanadamanna 24,5%, Breta 19,3% og Hollendinga 15%. Ítarlegri landaskipting var tekin upp á árinu 2005 og varð fjölgun milli ára hjá öllum “nýju” löndunum milli 23% og 28%. Hins vegar reyndist mest hafa fjölgað í flokknum „lönd áður ótalin/þjóðerni óþekkt“, eða um 64,4%. Þar sem nú er hægt að flokka alla gesti eftir þjóðerni eða svæðum bendir þessi fjölgun til að útfylling skýrslna eftir þjóðerni gesta sé ábótavant. Einnig hefur fjölgað töluvert í flokknum önnur Evrópulönd, eða um 40%, en flokkun Evrópubúa er ekki tæmandi á skýrslunum.

Gistinóttum fjölgað á öllum landsvæðum

Gistinóttum fjölgaði í öllum landshlutum árið 2006. Aukningin var mest á Suðurnesjum eða 26,8%. Á Norðurlandi eystra nam fjölgunin 13,9%, á höfuðborgarsvæðinu 12,3% og á Austurlandi 12%. Á Norðurlandi vestra fjölgaði gistinóttum um 11,2%, á Vesturlandi um 7,4%, á Vesturlandi um 5,4% og á Suðurlandi um 0,9%. Gistinóttum Íslendinga fjölgaði um 8,1% milli ára og gistinóttum útlendinga um 10,9% (sjá töflu 1).

Yfirlit 1. Fjöldi gistinátta eftir tegund gististaða 2006


Summary 1. Number of overnight stays by type of accommodation 2006

Gistinætur	Total	Íslendingar	Útlendingar
Overnight stays	Total	Icelanders	Foreigners
Allar tegundir gististaða All accommodation establishments	2.457.068	737.928	1.719.140
Þar af Thereof			
Hótel og gistiheimili Hotels and guesthouses	1.727.970	387.148	1.340.822
Heimagististaðir Private home accommodation	45.822	14.426	31.396
Orlofshúsabyggðir Holiday centres	83.411	43.836	39.575
Farfuglaheimili Youth hostels	103.069	9.178	93.891
Svefnpokagististaðir Sleeping-bag facilities	34.048	12.239	21.809
Tjaldsvæði Camping sites	401.855	241.676	160.179
Skálar í óbyggðum Lodges in wilderness	60.893	29.425	31.468

Gistinóttum fjölgaði í öllum tegundum gististaða. Á hótélum og gistiheimilum fjölgaði þeim um 10,1%, á svefnpokagististöðum um 11,8%, á farfuglaheimilum um 11,4%, á tjaldsvæðum um 10,3% og í orlofshúsabyggðum um 10,1%. Fjölgun gistinátta nam 6,6% í skálum í óbyggðum og 4,9% á heimagististöðum (sjá töflu 2).

Mynd 1. Hlutfall gistinátta eftir tegund gististaða 2006

Figure 1. Percentage of overnight stays by type of accommodation 2006



Translation: see summary 1.

Yfirlit 2. Gistinætur á öllum tegundum gististaða eftir landsvæðum 2006

Summary 2. Overnight stays in all types of accommodation establishments by region 2006


	Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
Alls Total	2.457.068	737.928	1.719.140
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	995.387	117.095	878.292
Suðurnes <i>Southwest</i>	76.306	25.572	50.734
Vesturland <i>West</i>	172.582	95.895	76.687
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	69.364	43.650	25.714
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	89.612	45.857	43.755
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	363.208	157.135	206.073
Austurland <i>East</i>	249.828	82.288	167.540
Suðurland <i>South</i>	440.781	170.436	270.345

70,3% gistinátta eru á hótélum og gistiheimilum

Árið 2006 voru 70,3% gistinátta á hótélum og gistiheimilum og 16,4% á tjaldsvæðum. Þetta hlutfall hefur haldist nokkuð stöðugt undanfarin ár en þó virðist sem gestum fari fjölgandi á hótélum og gistiheimilum á kostnað tjaldsvæða. Val á tegund gististaða er nokkuð mismunandi eftir ríkisfangi gesta. Greinilegur munur er á vali Íslendinga og útlendinga á gististöðum og áfangastöðum á ferðalögum. Til dæmis voru 52,5% gistinátta Íslendinga á hótélum og gistiheimilum árið 2006 en 78% gistinátta útlendinga. Hlutfall Íslendinga og útlendinga var svipað milli árána 2005 og 2006 á flestum tegundum gististaða. Þó má sjá fjölgun Íslendinga á tjaldsvæðum árið 2006 og fækkun þeirra á öðrum tegundum gististaða (sjá töflur 3 og 4).

Mynd 2. Hlutfallsleg skipting gistinátta eftir tegund gististaða og ríkisfangi gesta 2006

Figure 2. Distribution of overnight stays by type of accommodation and citizenship of guests 2006, percentage




Translation: see summary 1.

40,5% allra gistinátta eru á höfuðborgarsvæðinu

Árið 2006 voru rúm 40% gistinátta á höfuðborgarsvæðinu líkt og árin á undan. Rúmlega helmingur gistinátta útlendinga var á höfuðborgarsvæðinu en töluverður munur er þó á vali áfangastaðar eftir ríkisfangi. Norðurlandabúar taka höfuðborgarsvæðið fram yfir landsbyggðina, en 70% gistinátta þeirra eru þar. Aðrir Evrópubúar vörðu hins vegar aðeins 42,1% gistinátta sinna á höfuðborgarsvæðinu og kusu 18,4% þeirra að dvelja á Suðurlandi, 14,6% á Norðurlandi eystra og 12% á Austurlandi. Aðrar þjóðir vörðu 61,8% gistinátta sinna á höfuðborgarsvæðinu (sjá töflu 5).

Mynd 3. Hlutfallsleg skipting gistinátta eftir landsvæði og ríkisfangi gesta 2006

Figure 3. Percent distribution of overnight stays by region and citizenship of guests 2006



Translation: see summary 2.

Meðaldvalarlengd Meðaldvalarlengd hélst nánast óbreytt milli ára á öllum tegundum gististaða en meðaldvalarlengd 2006 var 1,7 nótt eins og síðustu 10 ár eða frá því byrjað var að mæla hana. Íslendingar lengdu dvöl sína að meðaltali um 0,2 nætur á farfuglaheimilum, 0,2 nætur á svefnpokagististöðum og 0,1 nótt á heimagististöðum. Útlendingar lengdu dvöl sína á svefnpokagististöðum um 0,1 nótt að meðaltali. Á sama tíma stytta bæði íslenskir og erlendir gestir dvöl sína á tjaldsvæðum um 0,1 nótt (sjá töflur 6 og 7).

Heildarfjöldi gistinátta nánast tvöfaldast á síðustu 10 árum Ef skoðaðar eru tölur um heildarfjölda gistinátta nokkur ár aftur í tímann má sjá að töluverð aukning hefur orðið þar á. Árið 1996 voru gistinætur á öllum tegundum gististaða 1.348.452 talsins en árið 2006 voru þær 2.457.068. Þetta er 82,2% aukning og jafngildir 6,2% árlegum meðalvexti. Á þessum tíma hefur gistinóttum útlendinga fjölgað um 98,6% og gistinóttum Íslendinga um 53,9%. Heildarfjöldi allra tegunda gististaða voru 734 árið 2006 en voru 655 árið 1996.

Hótel og gistiheimili

10,1% fjölgun gistinátta á hótélum og gistiheimilum

Gistinóttum á hótélum og gistiheimilum fjölgaði um 10,1% milli árána 2005 og 2006. Gistinætur voru 1.727.970 á árinu 2006 og fjölgaði því um tæp 160 þúsund milli ára. Gistinóttum Íslendinga fjölgaði um 7,3% milli ára og gistinóttum útlendinga um 11%. Á þessum tíma hefur gistirými einnig aukist, en þó lítillega. Herbergjum fjölgaði um 0,2% og rúmum um 1,3%. Gistinóttum á landsbyggðinni fjölgaði um 7,7% en á höfuðborgarsvæðinu um 12,4%. Gistinætur útlendinga sem hlutfall af heildarfjölda gistinátta á hótélum og gistiheimilum tímabilið 2005–2006 voru um 66% á landsbyggðinni en 88% á höfuðborgarsvæðinu.

Yfirlit 3. Gistinætur á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2006

Summary 3. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2006

	Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
Alls Total	1.727.970	387.148	1.340.822
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	916.079	111.466	804.613
Suðurnesjum <i>Southwest</i>	63.739	24.602	39.137
Vesturlandi <i>West</i>	101.166	44.678	56.488
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	37.128	20.920	16.208
Norðurlandi vestra <i>Northwest</i>	38.774	16.145	22.629
Norðurlandi eystra <i>Northeast</i>	194.077	61.227	132.850
Austurlandi <i>East</i>	151.276	39.426	111.850
Suðurlandi <i>South</i>	225.731	68.684	157.047


Aukning á öllum landsvæðum nema Vestfjörðum

Gistinóttum á hótélum og gistiheimilum árið 2006 fjölgaði á öllum landsvæðum nema Vestfjörðum í samanburði við árið 2005. Hlutfallslega fjölgaði þeim mest á Suðurnesjum, um 24,9% og á Norðurlandi vestra, um 13,8%. Þá fjölgaði gistinóttum á höfuðborgarsvæðinu um 12,4%, á Norðurlandi eystra um 11,5% og á Vesturlandi um 10,8%. Á þessum tíma nam aukningin 9,3% á Austurlandi og 0,1% á Suðurlandi. Á Vestfjörðum fækkaði hinsvegar gistinóttum á hótélum og gistiheimilum um 5,8% milli árána 2005 og 2006. Af heildarfjölda gistinátta á hótélum og gistiheimilum árið 2006 voru flestar gistinætur á höfuðborgarsvæðinu, eða 52,4%. Af landsbyggðinni var hlutur Suðurlands stærstur, 13% og þar á eftir kom hlutur Norðurlands eystra, 11,2%. Á hótélum og gistiheimilum hefur hlutfall

gistinátta útlendinga vaxið með árunum og teljast nú gistinætur útlendinga vera 77,6% gistinátta í þessum flokki (sjá töflur 8 og 9).

Mynd 4. Fjöldi gistinátta á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2006, hlutfallsleg skipting


Figure 4. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2006, percentage distribution



Translation: see summary 2.

Mynd 5. Fjöldi gistinátta á hótélum og gistiheimilum eftir þjóðerni 2006, hlutfallsleg skipting

Figure 5. Overnight stays in hotels and guesthouses by citizenship 2006, percentage distribution




Translation: see summary 2.

Betri nýting Nýting bæði herbergja og rúma var betri á árinu 2006 en 2005. Nýtingin yfir árið fór úr 45% í 47% í nýtingu herbergja og úr 37,2% í 38% í nýtingu rúma. Nýting herbergja batnaði í öllum mánuðum frá fyrra ári nema í febrúar og apríl og taldist hún 76,4% í júlímánuði miðað við 71,6% árið 2005. Ef litið er á nýtingu eftir landsvæðum má sjá að nýtingin batnar langmest á Suðurnesjum, úr 51,9% í 62%. Herbergjanýtingin batnar einnig á höfuðborgarsvæðinu, á Vesturlandi, á Austur-

landi og á Norðurlandi eystra. Á öðrum landsvæðum versnar nýting herbergja milli ára (sjá töflur 10 og 11). Burtséð frá nýtingu fjölgaði gistinóttum alla mánuði ársins milli ára. Mest var fjölgunin seinni part árs, í desember (25%), nóvember (24%) og september (19,7%). Sé litið aftur til ársins 2002 má sjá að gistinóttum í desember hefur fjölgað um 78,8% yfir þetta tímabil og í september um 58,5% (sjá töflu 12).

Mynd 6. Fjöldi herbergja á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2006, hlutfallsleg skipting


Figure 6. Number of rooms in hotels and guesthouses by region 2006, percentage distribution



Translation: see summary 2.

Mynd 7. Fjöldi gistinátta á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2006, hlutfallsleg skipting

Figure 7. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2006, percentage distribution



Translation: see summary 2.

*Hótelum og gistiheimilum
fækkaði um 11*

Hótel og gistiheimili töldust 308 árið 2006 en voru 319 árið áður og fækkaði því um 11. Á Vestfjörðum fækkaði um fjóra gististaði, á Suðurlandi um sex, á Austurlandi um þrjá og á höfuðborgarsvæðinu um tvo. Á Norðurlandi eystra bættust við fjórir gististaðir. Á öðrum landsvæðum stóð fjöldi gististaða í stað milli ára. Herbergjum á hótélum og gistiheimilum fjölgaði um 0,2% milli ára og rúmum um 1,3% (sjá töflu 8). Athygli skal vakin á því að árið 2006 færðust úr þessum flokki nokkrir heimagististaðir þar sem rými þeirra til almennrar útleigu hafði minnkað og teljast því heimagististaðir í stað gistiheimila.

Heimtur um 96%

Framboð gistiþjónustu er mest í flokki hótela og gistiheimila. Heimtur upplýsinga um gistináttafjölda á hótélum og gistiheimilum reiknað sem hlutfall af gistirými hafa verið um og yfir 96% í hverjum mánuði. Gistirými er þekkt fyrir alla staði sem tilheyra þessum flokki. Nýting gistirýmis og skipting gesta eftir ríkisfangi á gististöðum sem ekki hafa skilað upplýsingum eru því áætlaðar með nokkru öryggi.

*Hvaða staðir flokkast sem hótél
og gistiheimili?*

Til hótela og gistiheimila teljast hótél, hótélbúðir og gistiheimili starfandi allt árið, sumarhótél og sumargistiheimili. Hér teljast öll hótél og gistiheimili sem eru með sérstaka gestamóttöku og bjóða upp á lágmarks hótélþjónustu, þ.e. dagleg þrif á herbergjum og salernum. Auk þess eru í þessum flokki gistiheimili þar sem gistirými er 16 rúm eða fleiri og/eða 8 herbergi eða fleiri. Viðmiðun þessi er samkvæmt 26. gr. reglugerðar nr. 288/1987 um veitinga- og gististaði. Rúmlega 70% þeirra gistinátta sem gistináttatalning Hagstofunnar nær til eru á gististöðum í þessum flokki.


Hótel

*Gistinóttum á hótélum fjölgaði
um 12,6%*

Gistiskýrslur berast yfirleitt fljótt og vel frá flestum hótélum. Árið 1997 var því ákveðið að flokka þá gististaði sérstaklega sem geta kallast hótél svo hægt væri að birta reglulega gistitölur fyrir þennan flokk. Á hótélum er gestamóttaka opin allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin snyrting skal vera á a.m.k. 75% herbergja. Heimtur gistiskýrslna frá hótélum voru góðar árið 2006 og með örfáum undantekningum náðust 98% heimtur nánast alla mánuði ársins.


Gistinætur á hótélum árið 2006 voru 1.165.953 talsins en voru 1.035.085 árið 2005, sem er 12,6% aukning milli ára. Fjölgunin á bæði við um gistinætur Íslendinga en þeim fjölgaði um 13,9% og útlendinga sem fjölgaði um 12,3%. Gistinóttum á hótélum fjölgaði á öllum landsvæðum. Mest var aukningin á Austurlandi, um 26,5%. Á Norðurlandi eystra og vestra nam fjölgun gistinátta 16,4% og á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða nam hún 14,8%. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði gistinóttum um 12,2% og á Suðurlandi um 6,4%. Á sama tíma fjölgaði hótélum um 2,7% á landsvísu, eða um tvö hótél. Herbergjafjöldi jókst um 4,3% og rúmafjöldi um 5% milli ára. Hótélum sem opin voru allt árið fækkaði um eitt á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða. Á Norðurlandi fjölgaði um tvö hótél milli ára og á Austurlandi um eitt (sjá töflu 13).

Mynd 8. Fjöldi herbergja á hótélum eftir landsvæðum 2006, hlutfallsleg skipting
Figure 8. Number of rooms in hotels by region 2006, percentage distribution



Translation: see summary 2.

Mynd 9. Fjöldi gistinátta á hótélum eftir landsvæðum 2006, hlutfallsleg skipting
Figure 9. Overnight stays in hotels by region 2006, percentage distribution




Translation: see summary 2.

Heimagististaðir

Heimtur gistiskýrslna frá heimagististöðum voru ágætar árið 2006, en Hagstofunni bárust skýrslur frá 123 stöðum af 139. Gistirými er alls staðar þekkt og því hefur fjöldi gistinguáttanna verið áætlaður fyrir þá staði sem ekki hafa skilað skýrslum, en áætlaðar tölur fyrir heimagististaði árið 2006 nema 11,7% af heildargistinguáttafjöldanum.

Mynd 10. Gistinguáttur á heimagististöðum eftir landsvæðum 2006

Figure 10. Overnight stays in private-home accommodation by region 2006



4,9% fjölgun gistinguáttanna á heimagististöðum

Gistinguáttur á heimagististöðum árið 2006 voru 45.822 en voru 43.703 árið 2005 sem er 4,9% aukning. Fjölgun gistinguáttanna átti sér stað á öllum landsvæðum nema á Norðurlandi eystra (-30,3%) og á Vesturlandi (-2,2%). Aukningin nam 29,3% á Norðurlandi vestra, 27,2% á höfuðborgarsvæðinu og 23,8% á Suðurlandi. Þá fjölgaði gistinguáttum á heimagististöðum um 6,6% á Austurlandi og 0,1% á Vestfirðum. Fjölgun gistinguáttanna nær aðeins til útlendinga (9,2%) því gistinguáttum Íslendinga fækkaði um 3,5% milli 2005 og 2006. Gistirými í flokki heimagististaða jókst milli ára. Gististöðum fjölgaði úr 114 í 139 og rúmum úr 876 í 1.105 (26,1%). Eins og áður hefur komið fram má rekja hluta þessarar aukningar til þess að árið 2006 færðust í þennan flokk nokkrir gististaðir sem áður flokkuðust sem gistiheimili (sjá töflu 14).

Hvaða staðir flokkast sem heimagististaðir?

Fram til ársins 1995 var hluti heimagististaða kallaður *bændagististaðir* en var þá skipt í annars vegar hótél eða gistiheimili og hins vegar heimagististaði. Fyrrum bændagististaðir sem árið 1995 náðu tilgreindum viðmiðunarmörkum, flokkast nú sem hótél eða gistiheimili, hinir urðu heimagististaðir. Til heimagististaða telst öll gisting á einkaheimilum hvort sem er í kaupstöðum eða á sveitabýlum. Bændur eru ósjaldan með eitt til tvö sumarhús að auki og þar sem erfitt hefur reynst að fá þessa gistingu nákvæmlega sundurliðaða frá hinni hefðbundnu heimagistingu er sú gisting talin með heimagistingunni. Leigi bændur sumarhús sín út til stéttar- eða starfsmannafélaga er sú gisting ekki meðtalin hér. Ef um er að ræða þrjú eða fleiri sumarhús eða smáhýsi flokkast gististaðurinn með orlofshúsabyggingum.


Orlofshúsabyggðir

10,1% fjölgun gistinátta í orlofshúsabyggðum

Gistinætur í orlofshúsabyggðum voru 83.411 árið 2006 en voru 75.729 árið áður sem er 10,1% aukning milli ára. Þá fjölgaði gistinóttum útlendinga um 14,2% meðan gistinóttum Íslendinga fjölgaði um 6,7%. Gistinóttum fjölgaði í öllum landslutum nema á Norðurlandi eystra þar sem þeim fækkaði um 6,7%. Hlutfallslega var aukningin mest á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða, 22,4% og á Suðurlandi, 15,8%. Þá fjölgaði gistinóttum um 11% á Austurlandi og 4,2% á Norðurlandi vestra. Orlofshúsabyggðir voru 32 talsins árið 2006 eins og árið á undan. Rúmafjöldi fór úr 1.316 í 1.400 sem samsvarar 6,4% aukningu á gistirými milli ára. Heimtur gistiskýrsla frá orlofshúsabyggðum voru góðar og nema áætlaðar tölur 9,7% af heildargistináttafjöldanum árið 2006 (sjá töflu 15).

Mynd 11. Gistinætur í orlofshúsabyggðum eftir landsvæðum 2006

Figure 11. Overnight stays in holiday centres by region 2006



Translation: see summary 2.

Hvað er orlofshúsabyggð?

Orlofshúsabyggð er sumarhúsa- eða smáhýsahverfi með a.m.k. þremur húsum. Umfang orlofshúsagistingar er mun meira en heimagistingar í þeim tilvikum þegar þessar tvær tegundir gistingar eru reknar samhliða. Hér er einungis átt við sumarhús sem leigð eru út í hagnaðarskyni, ekki t.d. sumarhús stéttar- og starfsmannafélaga. Ekki er auðvelt fyrir gististaðaeigendur að fylgjast nákvæmlega með fjölda gesta í sumarhúsunum. Oftast er hægt að fylgjast með fjölda gesta þegar útlendingar eiga í hlut en það er erfiðara með Íslendinga. Umsjónarmönnum hefur því verið bent á að þegar tala gesta er mjög á reiki þá sé tekið mið af skráðu gistirými hússins. Gistinætur í húsi með gistirými fyrir fjóra í eina nótt teljast því fjórar. Þess má geta að gistinátatalning Hagstofunnar nær ekki til orlofshúsa fyrirtækja og félagasamtaka.

Farfuglaheimili

Fjöldi gistinátta eykst um 11,4% milli ára

Gistinætur á farfuglaheimilum voru 103.069 árið 2006 sem er 11,4% aukning milli ára en gistinæturnar voru 92.548 árið á undan. Stærstur hluti gistinátta á farfuglaheimilum hefur ævinlega verið vegna útlendinga og svo var einnig árið 2006 eða 91%. Gistinóttum á farfuglaheimilum fjölgaði á öllum landsvæðum. Á Suðurlandi fjölgaði gistinóttum um 16,7% og á Suðvesturhorninu um 13,2%, en sökum fæðar farfuglaheimila eru birtar niðurstöður fyrir höfuðborgarsvæði, Suðurnes, Vesturland og Vestfirði í heild sem eitt svæði. Fjölgun gistinátta nam 7,5% á Austurlandi og 3,3% á Norðurlandi (sjá töflu 16).

99,9% heimtur gistiskýrsla árið 2006 hjá farfuglaheimilum


Farfuglaheimili voru 24 á landinu með starfsemi árið 2006 eða einu færri en árið á undan. Rúmum fækkaði um 8%, úr 984 árið 2005 í 905 árið 2006. Hagstofunni bárust upplýsingar um gistinætur frá öllum farfuglaheimilum árið 2006 nema stöku mánuði og nema áætlaðar tölur aðeins um 0,13% af heildarfjölda gistinátta í þessum flokki.

Hvað eru farfuglaheimili?

Farfuglaheimili bjóða upp á gistingu í rúnum með sæng og kotta en gestir þurfa að hafa með sér sængurföt eða leigja þau á staðnum. Gestir geta einnig notað eigin svefnpoka. Öll farfuglaheimili eru í Bandalagi íslenskra farfugla sem á aðild að Alþjóðasamtökum farfugla (IYHF).

Mynd 12. Gistinætur á farfuglaheimilum eftir landsvæðum 2006

Figure 12. Overnight stays in youth hostels by region 2006



Translation: see summary 2.

Svefnpokagististaðir

Gistinóttum fjölgar um 11,8% á svefnpokagististaðum

Gistinætur á svefnpokagististaðum voru 34.048 árið 2006 og fjölgaði um 11,8% milli ára, en gistinætur voru 30.463 árið 2005. Á þremur landsvæðum fjölgaði gistinóttum og fækkaði þeim á þremur. Aukningin var hlutfallslega mest á Austurlandi þar sem gistinætur nánast þrefölduðust milli ára og fóru úr 2.784 í 7.830, en aðalástæða þeirrar aukningar er sú að stór gististaður sem áður flokkaðist sem farfuglaheimili flokkast nú sem svefnpokagististaður. Á Norðurlandi eystra fjölgaði gistinóttum um 27,8% og á Vestfjörðum um 2,3%. Gistinóttum á höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi samanlögðu fækkaði um 60,3% og fóru úr 3.059 í

1.213. Þá fækkaði gistinóttum á Norðurlandi vestra um 26% og á Suðurlandi um 15,6% (sjá töflu 17).

Útlendingum fjölga en Íslendingum fækkar


Gistinóttum útlendinga fjölgaði um 31,4% milli ára 2005 og 2006 meðan gistinóttum Íslendinga fækkaði um 11,7%. Starfandi svefnpokagististaðir voru 47 árið 2006 eða tveimur færri en árið 2005. Með þó nokkrum eftirrekstri náðust upplýsingar frá 40 þessara staða og nema áætlaðar tölur um 16% af heildarfjölda gistinátta á svefnpokagististöðum.

Hvaða gististaðir flokkast sem svefnpokagististaðir?

Svefnpokagististaðir geta verið sumarhótel, félagsheimili og skólar sem selja gistingu í svefnpokum á gólfþýnum í stórum vistarverum. Ýmis gistiheimili bjóða upp á svefnpokagistingu í rúmum en sú gisting telst með gistingu í uppþúnum rúmum gistiheimilanna. Víða er boðið upp á svefnpokagistingu í tengslum við niðjamót, skólaferðalög og íþróttamót. Þegar um niðjamót er að ræða er gjaldtaka sjaldnast í beinum tengslum við fjölda gesta heldur eru húsin/salirnir leigðir út gegn föstu gjaldi og geta gestir þá valið um hvort þeir gista inni eða í tjaldi. Í þessum tilvikum hefur verið gefinn upp fjöldi gesta á mótinu þannig að tjaldgisting í tengslum við ættarmót er innifalin í svefnpokagistingunni eða öfugt. Þetta á sérstaklega við um Suðurland þar sem mikið er um ættarsamkomur. Mikilvægt er að hafa í huga að gistináttatalningin nær einungis til gistingar þar sem greiðslu er krafist. Gisting skólabarna í skólum og íþróttahúsum yfir veturinn fellur því sjaldan undir svefnpokagistingu.

Mynd 13. Gistinætur á svefnpokagististöðum eftir landsvæðum 2006

Figure 13. Overnight stays in sleeping-bag facilities by region 2006



Translation: see summary 2.

Tjaldsvæði

Gistinóttum fjölga um 10,3%

Gistinætur á tjaldsvæðum á landinu voru 401.855 árið 2006 en voru 364.357 árið 2005 sem er 10,3% aukning. Fjölgun gistinátta er bæði vegna Íslendinga (12,1%) og útlendinga (7,6%). Gistinóttum á tjaldsvæðum fjölgaði í öllum landshlutum nema á Suðurlandi þar sem samdrátturinn nam 5,1%. Hlutfallslega var mesta aukningin á Norðurlandi eystra þar sem gistinæturnar fóru úr 92.634 í 118.204 milli ára, 27,6% aukning. Gistinóttunum fjölgaði um 12,2% á Vesturlandi, 10,9% á Austurlandi og 10% á Vestfjörðum.


Tjaldsvæði voru 140 talsins árið 2006 og fækkaði því um 5 milli ára. Tjaldsvæðum fækkaði um tvö á Suðurlandi og stóð fjöldi tjaldsvæða í stað á Vesturlandi og Norðurlandi. Á öðrum landsvæðum fækkaði um eitt tjaldsvæði (sjá töflu 18).

*Langflest tjaldsvæði skila inn
gistiskýrslum*

Heimtur gistiskýrslna frá tjaldsvæðum árið 2006 voru mjög góðar. Af 140 tjaldsvæðum vantaði upplýsingar frá 12 svæðum og nemur hlutfall áætlaðra gistinátta 3,8% af heildargistinóttum á tjaldsvæðum árið 2006. Til þessa flokks gististaða teljast öll þau tjaldsvæði sem taka gjald fyrir gistingu.

Mynd 14. Gistinætur á tjaldsvæðum eftir landsvæðum 2006

Figure 14. Overnight stays in camping sites by region 2006



Translation: see summary 2.

Skálar í óbyggðum

Gistinóttum fjölga um 6,6%

Gistinóttum í skálum í óbyggðum fjölgaði um 6,6% milli ára, fóru úr 57.102 árið 2005 í 60.893 árið 2006. Fjölgunin er bæði vegna Íslendinga (6,1%) og útlendinga (7,1%). Á Suðurlandi, þar sem flestir skálar landsins eru, nam aukningin 0,1%.

*Skýrslur bárust frá flestum
skálum*


Skálar í óbyggðum voru 44 árið 2006 eða einum fleiri en árið 2005 og bárust Hagstofunni skýrslur frá öllum nema tveimur. Af þessum 44 skálum voru 23 á Suðurlandi. Til þessa flokks teljast þeir gistiskálar sem taka gjald fyrir gistingu.

*Fjölgun gistinátta í
óbyggðum*

Gistinætur í óbyggðum, þ.e. bæði skálar og tjaldsvæði voru 94.827 árið 2006 en voru 83.660 árið 2005, sem er 13,3% aukning. Þessi fjölgun er bæði vegna Íslendinga (9,9%) og útlendinga (15,8%) (sjá töflu 19).

Mynd 15. Gistinætur í skálum og tjaldsvæðum í óbyggðum 2004–2005

Figure 15. Overnight stays in lodges and camping sites in wilderness 2004–2005



Um skýrslugerðina

Upplýsingaöflunin

Upplýsingaöflun Hagstofunnar fer þannig fram að gististöðum og öllum þeim sem selja gistingu eru send skýrslueyðublöð til útfyllingar en á þau skal færa fjölda gesta og gistingu á sundurliðaðan eftir ríkisfangslandi. Löndin eru auk Íslands 14 Evrópulönd, þaðan sem flestir ferðamenn koma, Bandaríkin, Kanada og Japan. Til að fá nánari sundurliðun gesta eftir þjóðerni bættust svo við fjórir flokkar árið 2005 og um leið féll flokkurinn Öll önnur lönd út. Þeir eru: Mið- og Suður-Ameríka, Kína, Önnur Asíulönd, Afríka og Eyjaálfa. Aðrir flokkar eru þá Önnur Evrópulönd og Þjóðerni óþekkt. Þess má geta að gistinguatalning Hagstofunnar nær ekki til orlofshúsa fyrirtækja og félagasamtaka.

Gistiskýrslum ber að skila inn mánaðarlega og þá í upphafi hvers mánaðar fyrir liðinn mánuð. Hagstofan birtir á heimasíðu sinni mánaðarlega tölur um gistingu á hótélum en ekki fyrir aðra flokka gistingu.

Heimtur


Skýrsluskil hafa verið góð frá öllum tegundum gistingu, en að undanskildum flokki hótela hefur þó þurft tímafrekan eftirrekstur. Eigendur nýrra gistingu eru þó greinilega vel upplýstir um mikilvægi gagnasöfnunarinnar því frá þeim hafa gistingu yfirleitt borist fljótt og vel. Þess má geta að einungis um 4% heildarfjölda gistingu árið 2006 var áætlaður, miðað við 9% árið 2005. Suðurnesjamenn stóðu sig hvað best í skýrsluskilum því árið 2006 skiluðu allir gistingu inn gistingu (14 gistingu). Á höfuðborgarsvæðinu voru 96 gistingu starfandi og eru áætlaðar tölur rúmlega 2% af heildargistingu árið 2006. Skýrsluskil á Norðurlandi eystra (123 gistingu) og Austurlandi (96 gistingu) voru einnig afburðagóð en áætlaðar tölur voru aðeins 3% og 4% af heildarfjölda á síðasta ári. Á Suðurlandi með 179 gistingu voru áætlaðar tölur um 5% af heildargistingu og á Norðurlandi vestra með 67 gistingu voru þær rúm 8%. Á Vesturlandi voru starfandi 81 gistingu árið 2006 og af heildargistingu voru 10% þeirra áætlaðar. Gistingu á Vestfjörðum stóðu sig síst í skilum á gistingu og námu áætlaðar tölur rúmum 20% af heildarfjölda gistingu á síðasta ári, en starfandi gistingu þar voru 78.

Trúnaður Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál og miðast töflugerðin og önnur upplýsingagjöf við það að upplýsingar verði ekki raktar beint eða óbeint til einstakra aðila.

Áætlanir Árið 1996 var í fyrsta skipti, samkvæmt öruggum heimildum, hægt að áætla heildarfjölda gistinguáttanna fyrir allar tegundir gistingar. Áætlun á fjölda gistinguáttanna á gistinguáttum sem ekki hafa sent Hagstofnunni gistinguáttaskýrslur er aðallega byggð á vitneskju um gistinguáttum og nýtingu. Á hótélum og gistinguheimilum eru áætlunir byggðar á upplýsingum um gistinguáttum, nýtingu á öðrum sambærilegum gistinguáttum, upplýsingum um fyrri ár auk annarra upplýsinga. Gistinguáttum er þekkt á öllum gistinguáttum nema á svefnpokagistinguáttum og tjaldsvæðum, eðli málsins samkvæmt. Áætlun um gistingu á svefnpokagistinguáttum sem ekki skila skýrslum er aðallega byggð á samtölum við þá sem selja gistingu í félagsheimilum og skólum, ferðamálafulltrúum, aðra starfsmenn sveitarfélaga og fleiri. Einnig er notast við eldri gögn þar sem þau eru til. Áætlunir fyrir skála og tjaldsvæði eru eins og áætlunir fyrir svefnpokagistinguáttum mest byggðar á samtölum við þá sem tengjast ferðaþjónustunni, en einnig er stuðst við eldri gögn ef þau eru til. Heimtur skýrslna hafa batnað á síðastliðnum árum sem hefur leitt af sér nákvæmari gagnauðvinnslu á skemmri tíma. Einungis 4% af heildarfjölda gistinguáttanna er áætlaður.

Svæðaskipting í skýrslunni

Regional division in this report



Tafla 1. Framboð gistirýmis og fjöldi gistinguáttá á öllum tegundum gistaða eftir landsvæðum 2005–2006
Table 1. Available accommodation and overnight stays in all types of acc. establishments by region 2005–2006

	Fjöldi gistaða <i>Number of acc. establishments</i>	Gistinguáttur <i>Overnight stays</i>		
		Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
2005	727	2.232.911	682.728	1.550.183
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	93	886.668	100.278	786.390
Suðurnes <i>Southwest</i>	13	60.196	21.774	38.422
Vesturland <i>West</i>	82	160.732	83.769	76.963
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	82	65.840	45.259	20.581
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	64	80.570	40.859	39.711
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	117	318.835	127.710	191.125
Austurland <i>East</i>	98	223.102	76.692	146.410
Suðurland <i>South</i>	178	436.968	186.387	250.581
2006	734	2.457.068	737.928	1.719.140
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	96	995.387	117.095	878.292
Suðurnes <i>Southwest</i>	14	76.306	25.572	50.734
Vesturland <i>West</i>	81	172.582	95.895	76.687
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	78	69.364	43.650	25.714
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	67	89.612	45.857	43.755
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	123	363.208	157.135	206.073
Austurland <i>East</i>	96	249.828	82.288	167.540
Suðurland <i>South</i>	179	440.781	170.436	270.345
Hlutfallsleg breyting milli ára 2005–2006, % Change between 2005–2006, %	1,0	10,0	8,1	10,9
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	3,2	12,3	16,8	11,7
Suðurnes <i>Southwest</i>	7,7	26,8	17,4	32,0
Vesturland <i>West</i>	-1,2	7,4	14,5	-0,4
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	-4,9	5,4	-3,6	24,9
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	4,7	11,2	12,2	10,2
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	5,1	13,9	23,0	7,8
Austurland <i>East</i>	-2,0	12,0	7,3	14,4
Suðurland <i>South</i>	0,6	0,9	-8,6	7,9

Tafla 2. Fjöldi gistinguáttu Íslendinga og útlendinga eftir tegund gistinguáttu 2002–2006
 Table 2. Number of overnight stays of Icelanders and foreigners by type of accommodation 2002–2006

	Gistinguætur Overnight stays					Hlutfallsleg br. milli ára, % Change between years	
	2002	2003	2004	2005	2006	2005–2006	2002–2006
Allar tegundir gistinguáttu							
<i>All types of accommodation</i>	1.860.685	1.984.448	2.130.230	2.232.911	2.457.068	10,0	32,1
Íslendingar <i>Icelanders</i>	604.167	607.660	651.382	682.728	737.928	8,1	22,1
Útlendingar <i>Foreigners</i>	1.256.518	1.376.788	1.478.848	1.550.183	1.719.140	10,9	36,8
Hótel og gistiheimili							
<i>Hotels and guesthouses</i>	1.260.501	1.368.728	1.468.505	1.580.181	1.727.970	10,1	37,1
Íslendingar <i>Icelanders</i>	290.245	298.662	322.696	364.011	387.148	7,3	33,4
Útlendingar <i>Foreigners</i>	970.256	1.070.066	1.145.809	1.216.170	1.340.822	11,0	38,2
Heimagististaðir							
<i>Private-home accommodation</i>	41.838	40.368	47.587	32.531	45.822	4,9	9,5
Íslendingar <i>Icelanders</i>	19.555	16.979	18.117	11.909	14.426	-3,5	-26,2
Útlendingar <i>Foreigners</i>	22.283	23.389	29.470	20.622	31.396	9,2	40,9
Orlofshúsabyggðir							
<i>Holiday centres</i>	62.207	62.494	60.268	75.729	83.411	10,1	34,1
Íslendingar <i>Icelanders</i>	39.208	37.385	31.712	41.070	43.836	6,7	11,8
Útlendingar <i>Foreigners</i>	22.999	25.109	28.556	34.659	39.575	14,2	72,1
Farfuglaheimili							
<i>Youth hostels</i>	80.318	86.350	92.336	92.548	103.069	11,4	28,3
Íslendingar <i>Icelanders</i>	8.598	8.936	8.808	8.593	9.178	6,8	6,8
Útlendingar <i>Foreigners</i>	71.720	77.414	83.528	83.955	93.891	11,8	30,9
Svefnpokagististaðir							
<i>Sleeping-bag facilities</i>	22.426	28.113	31.533	30.463	34.048	11,8	51,8
Íslendingar <i>Icelanders</i>	11.703	10.935	13.565	13.864	12.239	-11,7	4,6
Útlendingar <i>Foreigners</i>	10.723	17.178	17.968	16.599	21.809	31,4	103,4
Tjaldsvæði							
<i>Camping sites</i>	342.440	341.968	374.748	364.357	401.855	10,3	17,4
Íslendingar <i>Icelanders</i>	208.857	206.326	228.968	215.551	241.676	12,1	15,7
Útlendingar <i>Foreigners</i>	133.583	135.642	145.780	148.806	160.179	7,6	19,9
Skálar í óbyggðum							
<i>Lodges in the wilderness</i>	50.955	56.427	55.253	57.102	60.893	6,6	19,5
Íslendingar <i>Icelanders</i>	26.001	28.437	27.516	27.730	29.425	6,1	13,2
Útlendingar <i>Foreigners</i>	24.954	27.990	27.737	29.372	31.468	7,1	26,1

Tafla 3. Heildarfjöldi gistinátta og gestakoma eftir ríkisfangi gesta 2002–2006

Table 3. Total overnight stays and arrivals by citizenship of guests 2002–2006

	2002	2003	2004	2005	2006	Hlutfallsleg breyting milli ára, %	
						Change between years 2005–2006	2002–2006
Heildarfjöldi gistinátta							
Total number of overnight stays	1.860.685	1.984.448	2.130.230	2.232.911	2.457.068	10,0	32,1
Íslendingar <i>Iceland</i>	604.167	607.660	651.382	682.728	737.928	8,1	22,1
Útlendingar <i>Foreigners</i>	1.256.518	1.376.788	1.478.848	1.550.183	1.719.140	10,9	36,8
Danmörk <i>Denmark</i>	77.188	81.102	92.068	101.947	112.640	10,5	45,9
Svíþjóð <i>Sweden</i>	75.901	78.549	86.934	98.414	88.805	-9,8	17,0
Noregur <i>Norway</i>	66.894	73.613	78.520	75.812	80.773	6,5	20,8
Finnland <i>Finland</i>	22.024	20.937	22.885	27.909	27.404	-1,8	24,4
Bretland <i>U.K.</i>	175.374	195.077	209.254	206.640	246.590	19,3	40,6
Írland <i>Ireland</i>	5.383	7.047	8.752	8.900	9.427	5,9	75,1
Þýskaland <i>Germany</i>	243.497	262.218	271.919	274.234	286.728	4,6	17,8
Holland <i>Netherlands</i>	63.211	70.568	66.691	71.772	82.525	15,0	30,6
Belgía <i>Belgium</i>	14.500	13.904	17.665	18.917	17.742	-6,2	22,4
Frakkland <i>France</i>	122.090	127.889	131.787	127.517	132.808	4,2	8,8
Sviss <i>Switzerland</i>	40.046	46.114	55.302	48.381	50.565	4,5	26,3
Austurríki <i>Austria</i>	18.236	19.473	22.827	23.097	22.368	-3,2	22,7
Ítalía <i>Italy</i>	54.202	63.007	65.094	64.785	69.353	7,1	28,0
Spánn <i>Spain</i>	24.337	31.809	37.844	42.806	56.223	31,3	131,0
Önnur Evrópulönd <i>Other Eur. Countries</i>	35.623	38.899	62.586	61.537	86.145	40,0	141,8
Bandaríkin <i>U.S.A.</i>	131.086	127.686	136.569	156.806	154.760	-1,3	18,1
Kanada <i>Canada</i>	12.653	15.782	14.113	12.309	15.329	24,5	21,2
Mið- og Suður Ameríka <i>Central and South America</i>	2.555	3.263	27,7	•
Japan <i>Japan</i>	13.072	16.746	18.639	25.267	23.131	-8,5	77,0
Kína <i>China</i>	11.506	14.646	27,3	•
Önnur Asíulönd <i>Other Asia</i>	10.720	13.399	25,0	•
Afríka <i>Africa</i>	2.403	2.990	24,4	•
Eyjaálfa <i>Australia</i>	8.035	9.877	22,9	•
Lönd áður ótalín/Þjóðerni óþekkt <i>Other countries/Unknown</i>	61.201	86.368	79.399	67.914	111.649	64,4	82,4
Heildarfjöldi gestakoma							
Total number of arrivals	1.090.719	1.167.389	1.248.108	1.303.292	1.436.505	10,2	31,7
Íslendingar <i>Iceland</i>	386.086	396.066	411.878	431.891	465.684	7,8	20,6
